

## DansVaka á Menningarnótt

DansVaka / Cheilidh verður á Menningarnótt, laugardaginn 24. ágúst kl. 21–23 í Dósaverksmiðjunni, Borgartúni 1. Þjóðdansar frá Íslandi og Norður-Evrópu kenndir og dansaðir við hljóðfæraleik.

## Dagskrá Iðunnar haustið 2019

Kvæðamannafélagið Iðunn verður að venju með starfsemi sína í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, þ.e. kvæðalagaæfingar á miðvikudagskvöldum og fundi á föstudagskvöldum. Vakin er athygli á að í nóvember færirst kvæðalagaæfingin yfir á laugardag kl. 14:00 en hún er fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum. Hún verður í Háholti, neðstu hæð til hægri.

Eins og síðastliðinn vetur mun félagið standa fyrir söngvökum á þriðjudagskvöldum einu sinni í mánuði, sem verða eins og áður undir stjórn Chris Fosters, formanns þjóðlaganefndar, og Linusar Orra Gunnarssonar Cederborg. Söngvökurnar verða til húsa í Gröndalshúsi í Fischersundi og verða þar sungin og kennd ýmis þjóðlög t.d. tvísöngvar.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari haustönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

### **Kvæðalagaæfingar – Gerðuberg**

miðv. 2. okt. kl. 19:00

laug. 2. nóv. kl. 14:00–15:30

miðv. 4. des. kl. 19:00

### **Fundir – Gerðuberg**

föst. 4. okt. kl. 20:00

föst. 1. nóv. kl. 20:00

föst. 6. des. kl. 20:00

### **Söngvaka – Gröndalshús**

þriðj. 15. okt. kl. 19:00

þriðj. 19. nóv. kl. 19:00

þriðj. 11. des. kl. 19:00

Þjóðlagasamspil er á öllum miðvikudagskvöldum kl. 20 í Djúpinu, gengið inn frá Tryggvagötu (hjá Bæjarins bestu). Nánari upplýsingar á Facebook, Reykjavík Trad Sessions.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

134. tölublað – 40. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2019

Ábm: Bára Grímsdóttir

## ***Haustferð Iðunnar laugardag 31. ágúst***

Haustferðin verður að þessu sinni farin í Húnaþing vestra og eystra. Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 8:00 stundvíslega. Fyrst verður ekið að Kolugljúfri í Víðidal með viðkomu í Staðarskála og þaðan svo á Blönduós þar sem snæddur verður hádegisverður á veitingastaðnum Brimslóð. Staldræð verður við þann stað þar sem kvæðamennirnir og hjónin Hjálmar Lárusson og Anna Bjarnadóttir byggðu sér húsið Hrafnafliót árið 1909. Þaðan verður svo ekið um þann fagra dal Vatnsdal og komið við m.a. í Grímsstungu og Undirfellskirkju, þar sem kveðnar verða nokkrar vísur, að Kornsó og náttúruvættinni Kattarauga og loks ekið í gegnum Vatnsdalshóla. Þaðan liggur leiðin svo að Þingeyrum þar sem áður var klaustur en nú stendur þar hin myndarlegasta steinkirkja frá 1877 sem við fáum að fræðast um og skoða. Þar verður einnig tími fyrir kaffi og heimanbúið nesti ferðalanga. Því næst verður gerður stuttur stans við Þrístapa þar sem síðustu aftökurnar á Íslandi fóru fram árið 1830 (Natansmálin). Þaðan verður svo ekið til baka í vesturátt og staldræð við á Laugarbakka í Miðfirði. Loks verður ekið til Borgarness, í Landnámssetrið, þar sem snæddur verður kvöldverður. Áætluð heimkoma er kl. 21:30.

Hádegisverðurinn á Blönduósi samanstendur af matarmikilli fiski- eða grænmetisúpu, brauði og tei eða kaffi. – Í Landnámssetrinu er val um **Grillsteikt lambafillet** með ofnbökuðu rötargrænmeti, kartöflum og rósmarín-döðlusósu, **Grænmetisborgara** með salati, tómötum, agúrku, sultuðum rauðlauk og sinneps- eða hvítlauks- sósu, borið fram með kartöflubátum, eða **Pasta tagliatelle** með rjómalagaðri spínatsósu og ristudum furuhnetum. Eftirrétturinn er volg súkkulaðiterta með þeyttum rjóma, kaffi eða te.

Verð fyrir Iðunnarfélagi er kr. 9.000 eða 7.000, eftir því hvort valinn er kjöt- eða grænmetisréttur í Landnámssetri.

Þátttaka tilkynnist Kristni Guðmundssyni á netfangið [kristinnkg@gmail.com](mailto:kristinnkg@gmail.com) fyrir **mánudaginn 26. ágúst**.

## 90 ára afmæli og Dagur rímnalagsins

Kvæðamannafélagið Iðunn verður 90 ára 15. september og þá verður ýmislegt gert til hátíðabrigða, auk þess sem ákveðið hefur verið að gera þann dag að Degi rímnalagsins.

Laugardaginn 14. september verða maraþonrímnatónleikar haldnir á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur.

Á sjálfan afmælisdaginn, sunnudaginn 15. september, verður aðalhátiðin. Dagskráin hefst með morgungöngu á söguslóðir Iðunnar í miðborg Reykjavíkur. Afmælishátíð Iðunnar og Dagur rímnalagsins, með skemmtidagskrá og veitingum, fer fram í Iðnó og hefst kl. 15:00.

Hátíðin verður auglýst nánar síðar, en Iðunnarfélagar eru hvattir til að taka dagana frá.

ΔΩΔΩΔ

## Vísur úr ferðum Iðunnar

Að hér sé góðra manna mót  
munu dæmin sanna  
kominn er á faraldsfót  
flokkur kvæðamanna.

Sigmundur Benediktsson (2006)

Yfir kæra frónið fríða,  
furðu léttir enn,  
gúmmídekkjagriðung ríða  
gamlir kvæðamenn.

Jón Ingvar Jónsson

Þar var nóttin hljóð og hlý  
hrakti burtu trega.  
Vatnsdalnum að vaka í  
vildi ég ævinlega.

Halldóra Magnúsdóttir (1988)

Saman okkar stillum strengi  
stakan mörg þá heyrst sling.  
Í minningunni lifir lengi  
ljúfust ferð í Húnaþing.

Gunnar Thorsteinsson

Brölt ég hef um borgir, fjöll og tanga  
og barið augum margháttaðan skríl,  
þó aldrei slíka furðu-ferðalanga  
sem ferðast hér í þessum rútabíl.

Sigrún Haraldsdóttir (2006)

## Örlög Grettis (brot)

Grettir í Vatnsdal greiddi för,  
Glám nú skyldi vega.  
Öll voru Grettis ævikjör,  
eftir þakin trega.

Grettir í fletið gekk um kvöld,  
gæfa hans var fjarri.  
Draugs voru augu dimm og köld,  
dáleiddu hann nærri.

Glámur í feldinn greip nú fast,  
Gretti vildi út drifa.  
Góð voru átkök, gaflinn brast,  
grimmir feldinn rifa.

Glíman varð svo grimm og hörð,  
gnast í húsum öllum.  
Rjáfrið tættist, rifnaði jörð,  
rugguðu björg í fjöllum.

Gengin burt er gæfa þín,  
Glámur mælti hraður.  
Alltaf munu augun mín  
á þér hvíla maður.

Gláms í augu glóði skjótt  
þá Glám hann hafði vegið.  
Eftir þetta einn um nótt  
aldrei gat hann legið.

Grímur Lárusson